



Reykjavík, 2. desember 2021  
R21060196  
6631  
HH

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Breiðholt 1 - Bakkar - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 2. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. nóvember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 24. nóvember 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1, vegna Arnarbakka, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í Arnarbakka er fyrirhuguð uppbygging 90 íbúða, námsmannaíbúða sem og almennra íbúða sem og þjónusturýmis á jarðhæð. Að auki er gert ráð fyrir gróðurhúsum og matjurtagörðum. Hér er um að ræða jákvæða uppbyggingu sem mun lífga upp á þennan gamla hverfiskjarna.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Líða fer að lokum kjörtímabilsins og ekkert hefur gerst í málefnum Arnarbakka og Völvufellsins, en í upphafi kjörtímabils voru fasteignir í þessum þjónustukjörnum keyptir, fyrir u.þ.b. einn milljarð króna, til að hleypa í þá lífi. Nú er komið að lokum kjörtímabilsins og ekkert hefur verið gert. Þannig er útséð með að íbúar Breiðholts geti notið þessara þjónustukjarna eins og til stóð á þessu kjörtímabili. Það eina sem mun skila sér á þessu kjörtímabili eru teikningar og undirskriftir.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Svæðið við Arnarbakka 2 er svæði sem hægt er að gera að góðri íbúðabyggð. Núverandi byggingar eru ekki varðveisluverðar. Hér er því hægt og mikilvægt að vanda til verka og reisa byggingar sem eru fallegar, áhugaverðar og á góðum stað.